

Starfsreglur valnefndar launamanna Birtu lífeyrissjóðs

1. gr. Tilgangur

Samkvæmt samþykktum Birtu lífeyrissjóðs, gr. 5.8, er yfirlýstur tilgangur valnefndar launamanna að tryggja góða stjórnarhætti við val á stjórn sjóðsins og tryggja að stjórn sjóðsins endurspegli fjölbreytni og breidd í hæfni, reynslu og þekkingu stjórnarmanna sem og að tryggja gagnsæi í málum um tilnefningu stjórnarmanna.

2. gr. Skipan valnefndar, o.fl.

Samkvæmt samþykktum Birtu segir að í valnefnd launamanna skulu vera fjórir nefndarmenn. Að öðru leyti skal um skipan og starfsemi valnefndar ákveðið í sérstökum starfsreglum hennar sem fulltrúaráð launamanna skal samþykkja.

Fulltrúar launamanna í stjórn Birtu skulu tilnefna einn nefndarmann og stjórn fulltrúaráðs einn en tvo nefndarmenn skal fulltrúaráð launamanna kjósa. Um kosningu nefndarmannanna í valnefnd skal gilda fyrirkomulag samþykktu um kosningu stjórnarmanna fulltrúaráðsins. Kjörtímabil valnefndar er þrjú ár. Um skipan varamanna fer skv. 3. ml. 1. mgr. 2. gr. *starfsreglna stjórnar fulltrúaráðs Birtu lífeyrissjóðs*.

3. gr. Um val á nefndarmönnum

Valnefnd skiptir sjálf með sér verkum. Nefndarmaður sem tilnefndur er af stjórn Birtu getur ekki verið formaður nefndarinnar. Meirihluti nefndarinnar sem kosinn er af fulltrúum skal vera óháður daglegum stjórnendum sjóðsins. Nefndarmenn skulu valdir með hliðsjón af þekkingu og reynslu sem skal vera í samræmi við verkefni nefndarinnar. Nefndarmenn eiga að hafa þekkingu og reynslu á viðmiðum og venjum varðandi stjórn almannaæininga, þ.m.t. lífeyrissjóða.

4. gr. Fundir, boðun þeirra, o.fl.

Nefndin skal halda fundi að lágmarki þrisvar sinnum á ári til að sinna hlutverki sínu. Haldnir skulu aukafundir telji formaður nefndarinnar þörf á því. Formaður nefndarinnar stýrir fundum og tilnefnir fundarritara. Fundargerðir sem og ákvarðanir nefndarinnar í einstökum málum skulu vistaðar rafrænt með aðgengilegum hætti fyrir alla nefndarmenn.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í öllum málum sem koma til kasta nefndarinnar. Ef atkvæði standa jöfn, skal endurtaka atkvæðagreiðsluna og reyna þannig að leiða málið til lykta. Standi atkvæði enn jöfn skal hlutkesti ráða niðurstöðu. Mikilvæga ákvörðun má ekki taka án þess að allir nefndarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið.

5. gr. Hlutverk og ábyrgðarsvið

Meginhlutverk nefndarinnar er að tilnefna frambjóðendur til stjórnarsetu hjá Birtu lífeyrissjóði fyrir ársfundi þar sem stjórnarkjör er á dagskrá, auk þess að meta hæfi og óhæði frambjóðenda til stjórnar sem gefið hafa kost á sér til þeirra starfa.

Skemmst átta vikum fyrir kjörfund þar sem stjórnarkjör er á dagskrá skal valnefndin óska eftir framboðum til stjórnar. Skal það gert með birtingu auglýsingar í a.m.k. einu dagblaði sem hefur dreifingu á landsvísu. Framboð skulu berast nefndinni eigi síðar en sex vikum fyrir kjörfund.

Berist ekki tilskilinn fjöldi framboða eða þau framboð sem borist hafa uppfylla ekki að mati nefndarinnar hæfis- og hæfnisskilyrði skal nefndin með almennri hvatningu óska eftir frambjóðendum til stjórnarsetu. Skal tillaga nefndarinnar um tilnefningar stjórnarmanna til fulltrúaráðsfundar liggja fyrir eigi síðar en tveimur vikum fyrir kjörfund fulltrúaráðsins.

Um framboðsfrest og tilkynningu framboða fer að öðru leyti samkvæmt samþykktum sjóðsins. Við framkvæmd starfa sinna skal nefndin taka mið af heildarhagsmunum sjóðfélaga.

Nefndin skal hafa eftirfarandi hlutverk:

- a) Meta frambjóðendur til stjórnar sjóðsins út frá hæfi, hæfni, reynslu og þekkingu.

- b) Gæta að kynjahlutföllum í stjórn sjóðsins.
- c) Leggja að öðru leyti mat á samsetningu, stærð og árangur stjórnar sjóðsins telji nefndin þess þörf ásamt því að ráðleggja varðandi úrbætur.
- d) Vinna úr niðurstöðum árlegs árangursmats stjórnar sjóðsins liggi það fyrir og telji nefndin þess þörf.
- e) Upplýsa tilvonandi stjórnarmenn um þá ábyrgð sem fólgin er í stjórnarsetu fyrir sjóðinn.
- f) Undirbúa og leggja fram tillögur um kosningu stjórnarmanna á kjörfundi fulltrúaráðs launamanna og sjá til þess að kjörnefnd og fulltrúaráð fái upplýsingar um frambjóðendur.

6. gr. Nánar um mat á hæfi

Við mat á hæfi skv. a staflíð gr. 5 skal nefndin byggja á eftirfarandi:

- a) Fjórir stjórnarmenn í lífeyrissjóðnum skulu vera fulltrúar launamanna, sbr. samþykktir gr. 5.1. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra.
- b) Eigendur fyrirtækja, æðstu stjórnendur og stjórnarmenn þeirra og aðilar nákomnir þeim geta samkvæmt samþykktum Birtu, gr. 5.1.2 ekki orðið fulltrúar launamanna í stjórn.
- c) Með eigendum fyrirtækja er átt við þá sem eiga 5% hlutfjár eða meira í félagi. Með æðstu stjórnendum er átt við forstjóra, framkvæmdastjóra og aðra þá sem vegna starfa sinna hjá launagreiðendum hafa yfirsýn yfir fjárhag fyrirtækisins á meðan þeir munu starfa sem stjórnarmenn Birtu.
- d) Maki þess sem ástatt er um sem segir í b-c lið, svo og skyldmenni hans í beinan legg geta ekki verið fulltrúar sjóðfélaga í stjórn.
- e) Leiði ákvæði b-d-liðar eða aðrir þættir í mati á hæfi til frambjóðanda til þeirrar niðurstöðu að hafna beri framboði að mati valnefndar, skal upplýsa fulltrúaráð á kjörfundi um þá niðurstöðu að einstaklingurinn hafi ekki fullkomlega uppfyllt framangreind skilyrði.
- f) Aukinn meirihluti stjórnar skal skipaður virkum sjóðfélögum, sbr. gr. 5.2 í samþykktum Birtu.
- g) Nefndin skal að öðru leyti huga að hæfisskilyrðum laga sem gilda um stjórnarmenn lífeyrissjóða. Er nefndinni heimilt að afla yfirlýsinga frá frambjóðendum um að þeir fullnægi hæfisskilyrðum laga um lífeyrissjóði að viðlögðum drengskap.
- h) Frambjóðandi greiði eða hafi greitt til samtryggingadeildar sjóðsins síðastliðin þrjú ár.
- i) Eftirlaunamaður sem á rétt samkvæmt h-lið og sé metin hæfur samkvæmt öðrum liðum 6. gr.

Nefndin skal setja sér starfsáætlun til að stuðla að skilvirkni í störfum sínum. Nefndinni er heimilt í samráði við framkvæmdastjóra Birtu að leita atbeina ráðgjafa í störfum sínum og skulu þeir þá vera óháðir sjóðnum og daglegum stjórnendum. Það er nefndarinnar að ganga úr skugga um óhæði slíkra ráðgjafa.

Formaður nefndar skal sjá til þess að allir nýir nefndarmenn fái leiðsögn og upplýsingar um störf og starfshætti nefndarinnar þegar þeir hefja störf.

7. gr. Aðgangur að gögnum

Mikilvægt er að nefndin hafi víðtækan aðgang að gögnum sem tengjast störfum hennar og geti óskað eftir skýrslum og greinargerðum frá aðilum varðandi störf hennar. Nefndin hefur heimild sé þess þörf að leita atbeina stjórnarmanna eða starfsmanna Birtu lífeyrissjóðs um upplýsingar sem varða störf stjórnarmanna. Beiðnir um upplýsingar frá sjóðnum þurfa að fara í gegnum framkvæmdastjóra sjóðsins. Framkvæmdastjóri hefur heimild til að hafna afhendingu gagna og skal þá leggja beiðni nefndarinnar undir stjórn sjóðsins.

8. gr. Þagnar- og trúnaðarskylda

Á nefndarmönnum hvílir þagnar- og trúnaðarskylda um málefni sjóðsins, hagi sjóðfélaga þess og önnur atriði sem þeir kunna að fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara. Þagnar- og trúnaðarskyldan helst þótt látið sé af störfum.

9. gr. Breytingar á störfum valnefndar, o.fl.

Nefndarmenn skulu árlega framkvæma mat á störfum nefndarinnar og á störfum einstakra nefndarmanna.

Einungis kjörfundur getur gert breytingar á starfsreglum þessum og skal þeirra getið í fundarboði. Til breytinga á reglum þessum þarf samþykki 2/3 fulltrúa á kjörfundi.

Samþykkt á kjörfundi Birtu lífeyrissjóðs þann 5. maí 2022.